

Fimmtudaginn 22. febrúar 1996.

Nr. 391/1995.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Júliusi Norðdahl

(Örn Clausen hrl.)

Líkamsárás leiðir til dauða. Bifreiðir. Ökuréttarsvipting. Áfrýjun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 22. nóvember 1995 til endurskoðunar viðurlaga samkvæmt a-lið 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 37/1994. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að refsing ákærða verði þyngd og honum gerð enn frekari svipting ökuréttar.

Ákærði krefst þess, að hann verði sýknaður af ákæru um brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og aðeins dæmdur í vægustu refsingu, sem lög leyfa, fyrir brot gegn 215. gr. og 257. gr. laganna auk þeirra ákvæða í umferðarlögum nr. 50/1987, sem getið er í ákæru. Þá krefst hann þess, að ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuréttar og frádrátt vegna gæsluvarðhaldsvistar verði staðfest.

I.

Samkvæmt 3. mgr. 151. gr. laga um meðferð opinberra mála skal líta svo á, að ákærði vilji una héraðsdómi, ef hann lýsir ekki yfir áfrýjun hans innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, sbr. 2. mgr. Héraðsdómi var áfrýjað af hálfu ákærvalds eingöngu til endurskoðunar á ákvörðun viðurlaga, þegar frestur ákærða var úti, án þess að hann lýsti yfir áfrýjun fyrir sitt leyti. Eigi verður talið, að ákærði hafi við svo búið fyrirgert rétti sínum til þess að bera fyrir sig í Hæstarétti sjónarmið um heimfærslu brots til 215. gr. almennra hegningarlaga í stað 2. mgr. 218. gr. laganna, sem héraðsdómur beitti í samræmi við aðalkröfu í ákæru. Er þá einkum að líta til 2. mgr. 159. gr. laga um meðferð opinberra mála, þar sem segir, að

Hæstiréttur geti allt að einu breytt dómi ákærða til hagsbóta, hafi honum verið áfrýjað af hálfu ákærvalds, en ekki ákærða sjálfs. Þá hafa sjónarmið ákærða um heimfærslu til 215. gr. almennra hegningarlaga, eins og krafist var til vara í ákæruskjali, hlotið fullnægjandi umfjöllun fyrir Hæstarétti, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991.

II.

Þegar ákærði ók aftan á Sigurgeir heitinn Sigurðsson á Flatahrauni í Hafnarfirði að kvöldi föstudagsins 12. maí 1995, þar sem Sigurgeir var á reiðhjóli, voru aðstæður allar hinar bestu, eins og lýst er í héraðsdómi. Fallast má á það með héraðsdómara, að við það megi miða, að ákærði hafi þá ekið á 70 km hraða. Um ökuhraða reiðhjólsins verður ekki fullyrt. Samkvæmt skilmerkilegri frásögn vitnis, sem reifuð er í héraðsdómi, var báðum ökutækjum ekið beint áfram, og bifreið ákærða var á vaxandi hraða. Leggja verður til grundvallar dómi, að ákærði hafi séð hjólreiðamanninn fyrir framan sig og vitað, að þar var Sigurgeir Sigurðsson á ferð.

Í upplýsingaskýrslu lögreglumanns á slysdegi var haft eftir ákærða, að hann hefði verið að lesa á myndbandsspólu í bifreiðinni, þegar áreksturinn varð, og ekki haft hugann nógu mikið við aksturinn. Þessa frásögn endurtók hann við annan lögreglumann síðar um nóttina samkvæmt skýrslu hans. Þar var einnig eftir honum haft, að hann hefði ekki vitað, á hvern hann ók. Ákærði undirritaði hvoruga þessa skýrslu. Í formlegri skýrslutöku hjá lögreglu 14. maí 1995 og síðar fyrir dómi hefur ákærði borið á þann veg, að hann hafi vitað af Sigurgeiri á hjólinu og verið að teygja sig til að styðja á færsluhnapp fyrir rafdrifna hliðarrúðu í því skyni að hrópa að honum. Ákærði hefur gefið skýringar sínar á þessu misræmi í framburði, en ekki borið brögður á, að rétt hafi verið eftir sér haft í upphafi. Við það verður því að miða, að hann hafi ekki verið sjálfum sér samkvæmur í allri frásögn sinni.

III.

Þegar þetta er virt auk staðreynda málsins, sem raktar eru í héraðsdómi, og mats héraðsdómara á sönnunargildi munnlegs framburðar, verður að fallast á þá niðurstöðu dómsins, að ákærði hafi ekið á Sigurgeir Sigurðsson af ásetningi, sem myndaðist í þann mund, er hann ók á eftir honum um Flatahraun. Hann mátti gera

sér grein fyrir, að veruleg hættu væri á því, að stórfellt líkams- eða heilsutjón hlytist af ákeyrslu á reiðhjólíð. Á hinn bóginn verður að meta ákærða til sakar vegna gáleysis þær afleiðingar, sem urðu í reynd. Brot ákærða samkvæmt I. ákærulið á þannig réttilega undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1981.

Niðurstaða hins áfrýjaða dóms um II. lið ákæru er staðfest.

IV.

Við ákvörðun refsingar ber að líta til þess, að ákærði er ungur að árum og hefur ekki áður gerst sekur um refsilagabrot, sem hér skipta máli. Aðdragandi atburðarins á Flatahrauni var skammur og bendir ekki sérstaklega til þess, að með ákærða hafi búið styrkur og einbeittur vilji, sbr. 6. tl 70. gr. almennra hegningarlaga. Þá er óhjákvæmilegt að hafa nokkra hliðsjón af þeim áhrifum, er örðugleikar í samskiptum ákærða við Sigurgeir Sigurðsson hafa haft á hann og lýst er í fyrirbyggjandi geðrannsókn, þótt þau geti ekki réttlætt framferði ákærða. Hins vegar verða til refsipýngingar þau atriði, er greinir í 1.–3. tl. 70. gr. hegningarlaga. Að öllu þessu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í þrjú ár. Gæsluvarðhald hans frá 15. til 31. maí 1995 kemur til frádráttar dæmdri refsivist.

Með hliðsjón af eðli brotsins verður að svipta ákærða ökurétti ævilangt samkvæmt 2. mgr. 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. lög nr. 44/1993.

Dæmd bótakrafa er ekki til álita fyrir Hæstarétti.

Ákvörðun hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað verður staðfest. Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Júlíus Norðdahl, sæti fangelsi í þrjú ár. Til frádráttar refsivist kemur gæsluvarðhald ákærða með fullri dagatölu frá 15. til 31. maí 1995.

Ákærði er sviptur ökurétti ævilangt frá 12. júlí 1995.

Ákvörðun hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 100.000 krónur, og málflutn-

ingslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmans, 100.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 17. október 1995.

I.

Ár 1995, þriðjudaginn 17. október, er á dómþingi í Héraðsdómi Reykjaness, sem háð er á reglulegum þingstað í Hafnarfirði að Brekkugötu 2 af Má Péturssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-379/1995: Ákærvaldið gegn Júlíusi Norðdahl.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, 17. október 1995, er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, út gefinni 15. apríl 1995, birtri 7. september 1995 og þingfestri 11. september 1995, gegn Júlíusi Norðdahl, Hvammabraut 14 [nú Dvergholti 25], Hafnarfirði, fæddum 16. desember 1976, fæðingarnúmer 596, fyrir eftirgreind brot, framin að kvöldi föstudagsins 12. maí 1995 í Hafnarfirði:

1. Stórfellda líkamsárás, svo að mannsbani hlaust af, með því að hafa laust eftir klukkan 22.00 ekið bifreiðinni NY-228 á Sigurgeir Sigurðsson, fyrrverandi sambýlismann móður sinnar, fæddan 31. janúar 1952, á ofsahraða, allt að 100 kílómetra hraða miðað við klukkustund, þar sem Sigurgeir hjólaði vestur Flatahraun á móts við Sléttahraun, með þeim afleiðingum, að hann kastaðist af reiðhjólínu og hlaut þverbrot á hryggsúlu og svo mikla áverka á höfði, að hann lést síðar um nóttina, en ákærði hafði áður veitt Sigurgeiri eftirför frá Kaplahrauni.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981, en til vara við 215. gr. hegningarlaga svo og við 1. mgr. 4. gr., 1. og 2. mgr., staflíð a, 36. gr. og 1. mgr. 37. gr., sbr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

2. Eignaspjöll með því að hafa nokkru fyrir atburð þann, sem lýst er í 1. kafla, við heimili Sigurgeirs að Hverfisgötu 32 stungið með hnífi göt á báða hægri hjólbarða bifreiðarinnar B-1339.

Telst þetta varða við 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga.

3. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Pá krefst Inga Björk Dagfinnsdóttir, kt. 170454-7749, þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér skadabætur, að fjárhæð 49.020 krónur, að við bættum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 12. maí 1995, en síðan dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga til greiðsludags.

Verjandi krefst þess, að ákærði verði sýknaður af ákæru fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. alm. hgl. og dæmdur til vægustu refsingar, sem lög heimila, fyrir brot gegn 215. gr. alm. hgl. Þá verði ákærði dæmdur til vægustu refsingar fyrir brot það, er greinir í 2. ákærulið.

II.

Húsasmíðameistari, 53 ára að aldri, Sigurbjörn Pálsson, kt. 310742-2609, Túngötu 9, Bessastaðahreppi, varð sjónarvottur að atburði þeim, er ákæruliður 1 lýtur að. Hann var á vettvangi, er lögreglu bar að, og gaf skýrslu hjá RLR daginn eftir umræddan atburð og ýtarlega skýrslu fyrir dómi við aðalmeðferð, þ. á m. við vettvangsgöngu.

Vitnið Sigurbjörn, sem er starfsmaður Skeljungs hf., var að koma frá bensínafgreiðslu Skeljungs við Reykjavíkurveg og ók Mitsubishi-pallbíl, merktum fyrirtækinu. Það var á leið í Lækjarberg og valdi þann kost að stytta sér leið og aka beinustu leið frá bensínstöðinni yfir óbyggt svæði niður á Flatahraun. Sé sú leið farin, er ekið inn á Flatahraunið rétt neðan við söluturn, er stendur ofan götunnar.

Pá er vitnið Sigurbjörn kom að Flatahrauni og hugðist beygja til vinstri upp götuna, sá það mann koma á reiðhjóli niður götuna sér á vinstri hönd á hægri akrein og bíl nokkuð á eftir. Vitnið kvaðst hafa staðnæmst þrjá til fimm metra frá malbiksbrún götunnar og ætlað að bíða, meðan þeir færu fram hjá. Vitnið minntist þess ekki, að nein önnur umferð hefði verið sjáanleg. Fyrir dómi sagði vitnið orðrétt: „Nú, maðurinn er ekki kominn að mér á hjólinu, hann á eftir einhverja metra að bílnum. Þegar hann hjólar fram hjá mér, þá lítur hann svona í átt til mín, og svo horfi ég í áttina að hinum bílnum, sem mér finnst vera á talsvert mikilli ferð. Þegar maðurinn er að koma fram fyrir mig, þá sé ég bara, að bíllinn skellur á honum, hægra horn bílsins. Nú, maðurinn, hann fór einhverja metra upp í loftið, skall niður á höfuðið, og bíllinn keyrði áfram, hægði á sér einhverja metra frá slysinu, síðan hélt hann áfram og stoppaði á móts við Sléttahraun.“ Vitnið taldi, að bæði maðurinn á reiðhjólinu og bifreiðarstjórinn hefðu ekið beint, hvorugur sveigt neitt til hliðar. Spurt um, hvort því hefði sýnst, að bílnum hefði verið hemlað, áður en ákeyrslan varð, svaraði vitnið því neitandi og bætti við: „Mér fannst bíllinn vera á vaxandi hraða. Eftir að hann skall á manninum, ók hann áfram talsverðan spöl, síðan dró hann úr ferðinni, og síðan fór hann áfram, stöðvaðist svo.“ Vitnið tók fram, að hann hefði haft augun á manninum, sem skolið hefði í götuna aftan við bílinn.

Nánar spurt kvaðst vitnið ekki hafa séð neitt hik á akstri bifreiðarinnar, áður en hún skall á hjólreiðamanninum. „Ég gat ekki merkt það ... Hann hafði nóg svigrúm til að sveigja frá, það voru engir á þessari breiðu götu. Ég sá ekki, hvort hann var að horfa á manninn eða hvort hann leit til hliðar. Ég horfði ekki í andlit hans.“

Er vitnið var spurt, hvort því hefði virst maðurinn ætla að hverfa af vettvangi, var svarið: „Ég verð að viðurkenna það, að ég hljóðaði upp yfir mig:

„Hann ætlar að stinga af!“ Ég veit ekki, hvort það átti við nein rök að styðjast, þetta voru bara viðbrögð mín sjálfs.“

Vitnið taldi, að reiðhjólið hefði verið einn og hálfan til tvo metra frá malbiksbrún götunnar, þegar ákeysrslan varð.

Breidd hægri götuhluta, ekið í vestur, frá malbiksbrún að merktri miðlínu var 7,3 metrar og heildarbreidd götunnar milli malbiksbrúnar að norðan og kantsteins að sunnan 14,3 metrar.

Er vitninu voru sýndar myndir, teknar af lögreglu, svo og við vettvangsgöngu, taldi vitnið, að það hefði stöðvað bíl sinn á mótis við niðurfallsrist, sem er 30 cm frá malbiksbrún. Það taldi, að ákeysrslan hefði orðið rétt neðan við ristina, þeir hefðu verið komnir aðeins fram hjá bíl vitnisins.

Nánar spurt kvaðst vitnið giska á, að hraði bifreiðarinnar hefði verið 80-100 km á klst. Vitnið hugðist þegar hringja til lögreglu, en hringdi þess í stað í slökkvilið. Lögregla hafi komið eftir augnablik. Lögreglustöðin er við Flatahraun og einnig slökkvistöðin, sem sér um sjúkraflutninga.

Vitnið B, tæpra 13 ára, [...], Hafnarfirði, kvaðst hafa verið að koma gangandi niður Flatahraun, hægra megin við akbrautina til vesturs, og verið eitt á ferð. Er það var komið rétt vestur fyrir söluturninn, hefði það heyrt skell og litið við og séð hvíta fólksbifreið og af henni hendast hátt í loft mann, sem síðan hefði skolið á götuna nokkru vestar. Það taldi bifreiðina hafa verið á miklum hraða, giskaði á 100 km hraða á klst. Hún hefði ekki numið staðar fyrr en langt frá þeim stað, þar sem henni var ekið á manninn. „Ég sá, að á leiðinni frá mér var henni hemlað tvisvar, og kipptist hún til við það.“ Vitnið taldi, að bifreiðinni hefði verið ekið nálægt hægri brún götunnar, er ákeysrslan varð.

III.

Samkvæmt vettvangsskýrslu lögreglu var hringt á lögreglustöðina í Hafnarfirði föstudagskvöldið 12. maí 1995 kl. 22.17 og tilkynnt um alvarlegt umferðarslys á Flatahrauni. Fóru allir útivinnandi lögreglumenn þegar á staðinn. Hafði bifreiðinni NY-228 verið ekið á mann á reiðhjóli. Reyndist hjólreiðamaðurinn mikið slasaður, og var hann fluttur á slysadeild Borgarspítalans. Ökumaður bifreiðarinnar var ákærði. Í vettvangsskýrslu lögreglu segir síðan m. a.:

„Ökumaður, A, sat inni í ökutæki, sem var kyrrstætt á vettvangi, og var hann færður yfir í lögreglubifreiðina ST-745. Þar kvaðst ökumaður hafa ekið norður Álfaskeið og beygt vestur Flatahraun. Kvaðst hann þá hafa séð einhvern mann á ferðinni, hjólandi eða gangandi, en hann var þó ekki alveg viss. Ók A áfram vestur Flatahraun, og kvaðst hann halda, að hann hefði

verið að lesa aftan á hulstur utan um myndbandsspólu og ekki haft hugann nógu mikið við aksturinn; þó var hann ekki viss. Taldi hann sig hafa ekið á hægri akrein, en var þó ekki alveg viss um það. Vissi A síðan ekki fyrr en hann fann höggið, er ökutækið hafnaði aftan á B. Fann hann, að eitthvað var undir ökutæki A, og greip hann þá ofsahræðsla, svo að hann stöðvaði ökutækið ekki strax. Kvaðst hann hafa hægt á ökutækinu, en ekki nauðhemað, og því komu engin hemlaför. Sagði hann allt hafa gerst svo hratt, að hann áttaði sig ekki á því, hvað gerðist, fyrr en hann var búinn að stíga út úr ökutækinu og sá ökutæki B undir sínu ökutæki og öikumann, B, liggja í götunni fyrir aftan það. A þorði ekki að fara að B til að aðgæta með hann, þar sem hann gat ekki horft framan í hann. . .

Veður var mjög gott, er ofangreint gerðist. Það var léttskýjað, kyrrt og stillt, en nokkuð svalt. Aðeins var byrjað að rökkva, en þó var enn tiltölulega bjart. Þurrk var í vedri og skyggni mjög gott. Sól var lágt á lofti, en hún var komin í hvarf bak við hús, svo að hún blindaði ekki öikumenn. Ekki logaði ljós á ljósastaurunum í kring.“

Er komið var á lögreglustöðina, var ákærði færður fyrir varðstjóra og hann spurður nánar um aðdraganda atburðarins, „en hann bar fyrir sig minnisleysi sökum þess, hversu hratt allt gerðist,“ segir í vettvangsskýrslunni.

Hjólreiðamaðurinn reyndist vera Sigurgeir Sigurðsson, kt. 310152-3829, fyrrum sambýlismaður móður ákærða. Hann kom ekki til meðvitundar og lést nokkrum klukkustundum eftir atburðinn. Í krufningarskýrslu Gunnlaugs Geirssonar prófessors segir m.a.: „Krufning leiddi í ljós, að banamein mannsins voru áverkar þeir, sem hann hlaut, er bifreið var ekið á reiðhjól hans. Við áreksturinn kastaðist hann af hjólinu, og voru mestir áverkar aftan á herðum svo og aftan á höfði. Við höggið hefur hálsinn gengið sundur, og olli það dauða hans. Auk þess voru brotin rifbein og mar í innri líffærum.“

Síðar um nóttina var tilkynnt til lögreglu, að búið væri að stinga göt á hægri hjólbarða bifreiðarinnar B-1339, sem var skráð í eigu sambýliskonu Sigurgeirs og stóð, er þetta var, fyrir utan heimili þeirra að Hverfisgötu 32.

IV.

Rannsóknardeild lögreglu í Hafnarfirði var kunnugt um, að fátt hafði verið með ákærða og fjölskyldu hans annars vegar og Sigurgeiri hins vegar, og höfðu kærur gengið á víxl, svo sem síðar verður nokkuð rakið. Sigurgeir hafði búið með móður ákærða í um þrjú ár, þó ekki samfelld, og eignast með henni dóttur, fædda í ágúst 1988, eftir sambúðarslit. Deila hafði staðið

milli móður ákærða og Sigurgeirs um rétt hans til umgengni við dóttur sína. Konan hafði tjáð sig um það við félagsmálayfirvöld í Hafnarfirði, er dóttirin var um tveggja ára, að sig grunaði, að Sigurgeir hefði áreitt telpuna kynferðislega. Hvorki konan né félagsmálastofnun kærði þó til lögreglu í það sinn, og því fór engin opinber rannsókn fram vegna þessa. Ákærði hafði orðið uppvis að því að brjóta rúður á heimili Sigurgeirs, og móðir ákærða hafði kært Sigurgeir til RLR fyrir ofsóknir og hótanir. Sambýliskona Sigurgeirs bar enn fremur, að ákærði hefði oft hringt á heimili þeirra og haft í hótunum við Sigurgeir, og oft hefðu verið unnar skemmdir á bifreiðum þeirra, og grunaði hana, að þar hefði ákærði verið að verki.

Í viðtali við Jóhannes P. Jónsson, rannsóknarlögreglumann í Hafnarfirði, er fram fór á Borgarspítala nóttina eftir slysið, kvaðst ákærði ekki vita, hver sá maður hefði verið, sem hann hefði ekið á. Er lögreglumaðurinn tjáði honum, að það hefði verið Sigurgeir, og jafnframt, að Sigurgeir væri látinn, kvaðst ákærði oft hafa verið búinn að „pæla í“ að drepa Sigurgeir, en þá bara í huganum. Sér liði nú ömurlega, þó að hann væri feginn, að það var Sigurgeir, er hann hafði ekið á, en ekki einhver saklaus maður. Hann kvaðst hafa verið að koma af AA-fundi á samkomustað samtakanna við Kaplahraun. Þaðan hefði hann farið rétt fyrir klukkan 10. Við eftirgrennslian kom í ljós, að ákærði hafði ekki skýrt rétt frá um AA-fundinn. Haft var samband við allmarga fundarmenn, og kannaðist enginn við, að ákærði hefði verið þar þetta kvöld. Hins vegar reyndist Sigurgeir hafa verið þar og tekið til máls.

Við skýrslutöku hjá RLR lýsti ákærði atvikum svo, að hann hefði umrætt kvöld ætlað á AA-fund í sinni deild að Kaplahrauni 1, eins og hann væri vanur á föstudagskvöldum. Fundurinn hefði átt að byrja klukkan 9, og kvaðst ákærði hafa komið að húsinu einni til tveimur mínútum fyrr. Hann kvaðst þá hafa séð, hvar Sigurgeir var að ganga inn í húsið. Ákærði bar, að sér hefði brugðið við að sjá Sigurgeir þarna og hefði ákveðið að fara ekki á fundinn. Hann kvaðst hafa í staðinn ekið um götur bæjarins. Aðspurður viðurkenndi ákærði að hafa farið að heimili Sigurgeirs og stungið göt á hjólbarða Lapplander-bifreiðar hans, sem þar stóð fyrir utan. Hann framvísaði vasahníf, sem hann kvaðst hafa notað til þessa. Hann kvaðst þessu næst hafa ekið að Kaplahrauni að nýju og beðið þess, að fundinum lyki. Hann kvaðst hafa ákveðið að veita Sigurgeiri eftirför og hefði svo ætlað að aka fram úr honum, skrúfa um leið niður rúðu og hrópa að honum. Aðspurður um það, hvað hann hefði ætlað að hrópa, kvaðst hann hafa ætlað að biðja Sigurgeir að koma ekki á þá AA-fundi, sem hann var sjálfur vanur að sækja, og jafnframt hefði hann ætlað að biðja hann að láta fjölskylduna í

friði. Hann kvaðst hafa stungið á hjólbarða Lapplander-bifreiðarinnar í því skyni, að Sigurgeir gerði sér grein fyrir því, þegar hann kæmi heim, að ákærða væri full alvara með orðum sínum.

Ákærði bar, að AA-fundinum hefði lokið klukkan 10 eins og venjulega. Hann kvaðst hafa fylgst með, er fundargestir komu út. Sigurgeir hefði komið með öðrum manni og spjallað aðeins við hann fyrir utan. Hann hefði síðan tekið hjólið og haldið af stað. Ákærði kvaðst hafa ekið á undan Sigurgeiri niður Flatahraun, yfir Reykjanesbraut og beygt inn á Álfaskeið. Hann hefði þá séð, að Sigurgeir hjólaði áfram vestur Flatahraun, og því snúið við og ekið á eftir honum. Ákærði kvaðst hafa nálgast Sigurgeir á hjólinu, teygt sig í rafmagnsrofa til að opna gluggann og litið niður í því skyni, en þá fundið, að högg hefði komið á bifreiðina. Hann kvaðst hafa „panikerað“, ekki hemlað og ekki muna, hvað varð, fyrr en bifreiðin var stöðvuð. Hann kvaðst fyrst telja ökuhraða sinn hafa verið á bilinu 50 til 60 kílómetra miðað við klukkustund, en síðar, að verið gæti, að hann hefði ekið á 60 til 70 kílómetra hraða.

Ýtarleg rannsókn fór fram á hemlaförum á vettvangi, en engin hemlaför fundust, er líkur teldust til, að væru eftir bifreið ákærða.

Borið var undir ákærða, það sem hann hafði áður sagt við lögreglufrýr-heyrslu, að hann hefði, er árekstur varð, verið að lesa aftan á myndbandsspólu, og kvaðst hann hafa sagt ósatt um það.

Ákærði neitaði eindregið að hafa ekið á Sigurgeir af ásetningi. Hann neitaði jafnframt að hafa ætlað að aka af vettvangi eftir áreksturinn.

Ákærði viðurkenndi að hafa nokkrum sinnum hringt á heimili Sigurgeirs og hótað honum einu sinni í símtali. Hann viðurkenndi einnig að hafa nokkrum sinnum kastað flöskum í hús Sigurgeirs og minnst tvisvar hitt í rúður og brotið þær.

Framburður ákærða fyrir dómi var í samræmi við endanlegan framburð hans fyrir lögreglu. Hann kvaðst hafa ætlað að ná tali af Sigurgeiri, beðið á Álfaskeiði, séð Sigurgeir hjóla fram hjá gatnamótunum, ekki komist alveg strax inn á Flatahraun, því að bílar hefðu komið, síðan ekið inn á Flatahraun á eftir Sigurgeiri. Þá hefði Sigurgeir verið kominn um hálfu leið að staðnum, þar sem ákeyrslan varð. Hann hefði hjólað mjög hratt. „Svo ek ég að honum, stefni svona á hann eða sé hann, sko, lít af honum bara örskamma stund og er að fara að ýta á. . . fyrir rúðuna hjá mér. Þá brotnar allt í einu rúðan hjá mér, og svo man ég bara, að bíllinn var „stopp“.“

Ökuskírteini ákærða er út gefið 13. apríl 1994. Kvaðst hann hafa ekið þessum bíl móður sinnar töluvert þetta rúma ár. Hann kvaðst alltaf líta á færlutakkann, er hann hreyfði rúðurnar, því að hann hefði oft lent í því að

draga niður ranga rúðu. Hann var ekki viss um, að rúðan hefði farið niður, áður en höggið varð. Samkvæmt myndum, er Jóhannes Páll Jónsson, rannsóknarlögreglumaður í Hafnarfirði, er kallaður var á vettvang kl. 22.20, tók þar, og framburði lögreglumanna, er skoðuðu bifreiðina á vettvangi, var hægri hliðarrúða bifreiðarinnar uppi.

Allmörg fleiri vitni en að framan greinir voru yfirheyrd af lögreglu í þágu rannsóknar málsins, en flest reyndust hafa komið á vettvang, eftir að atburðurinn varð, og gátu því ekki tjáð sig um aðdraganda hans. Tvö vitni, sem komu fyrir dóm, Þorsteinn Þorsteinsson, kt. 210836-7569, sem leit út um glugga á heimili sínu að Sléttahrauni, og Helga Steingerður Sigurðardóttir, kt. 090354-5589, sem kom upp Flatahraun, kváðust hafa séð bifreið ákærða ekið vestur Flatahraun með reiðhjól framan á sér, en gátu ekki tjáð sig um aðdraganda árekstursins né ökuhraða bifreiðarinnar. Vitnið Þorsteinn hringdi þegar á lögreglustöðina og tilkynnti um atburðinn.

Leyfður hámarkshraði á Flatahrauni er 50 km á klst.

Fyrir dómi taldi ákærði, að hann hefði ekið á 60 til 70 km hraða á klst., er slysið varð.

Bifreiðinni, NY-228, var reynsluekið 17. maí 1995 í því skyni að mæla með ratsjá, hversu miklum hraða hún gæti náð úr Álfaskeiði eftir Flatahrauni að þeim stað, þar sem ákeyrslan varð. Fór hraðamælingin fram undir stjórn yfirlögreluþjóns og að verjanda viðstöddum. Minnstur hraði, er bifreiðin náði á árekstursstað, reyndist 89 kílómetrar á klst., en mestur 93 km.

Fjarlægð frá ætluðum ákeyrslustað að þeim stað, þar sem lögregla taldi, að maðurinn hefði skolið á götuna, mældist 18 metrar. Þaðan var far eftir manninn, þ. e. ummerki um, að hann hefði runnið eða oltið eftir götunni, 13 metrar, samtals 31 metri frá ætluðum ákeyrslustað að þeim stað, þar sem maðurinn lá.

Í krufningarskýrslu segir m. a.: „Svo sem fram kemur, voru áverkarnir, sem maðurinn hlaut, geysimiklir og geta samrýmst því . . ., að ekið hafi verið á manninn á miklum hraða.“

VII.

Með úrskurði, upp kveðnum í Héraðsdómi Reykjaness 15. maí 1995, var ákærða gert að sæta gæsluvarðhaldi til 31. sama mánaðar og að sæta geðrannsókn, sem Hannes Pétursson, forstöðulæknir á geðdeild Borgarspítalans, framkvæmdi. Fram lögð skýrsla læknisins um geðheilbrigðisrannsókn er dagsett 8. júní 1995. Ályktun geðlæknisins er þessi:

„Að mati undirritaðs er Júlíus Norðdahl ekki haldinn formlegri geðveiki

eða greindarskortí. Hins vegar tel ég, að Júlíus sýni merki um persónuleikatrufnanir samfara kvíðaröskun. Undanfarið misseri hefur Júlíus átt við að stríða talsverðan kvíða, sem hefur verið meira og minna samfelldur og einnig komið í köstum. Einnig hefur borið á þunglyndiseinkennum. Persónuleikatrufnanir Júlíusar hafa m. a. lýst sér í atferlistruflunum allt frá bernsku, erfiðleikum í skóla- og atvinnusókn, enn fremur misnotkun áfengis frá unga aldri og annarra vímuefna um skemmri tíma. Hann hefur, að því er virðist, haldið sig algerlega frá neyslu vímuefna undanfarið eitt og hálf ár, en á þeim tíma hefur borið mest á kvíðaeinkennum hans. Tilfinningalíf Júlíusar virðist lítið þroskað og fremur sjálfmiðað, en að líkindum eiga erfið uppeldisskilyrði verulegan þátt í framangreindum persónuleika- og kvíðaröskun.

Við geðheilbrigðisrannsóknina hefur Júlíus hvað eftir annað haldið því fram, að atburður sá, er mál þetta fjallar um, hafi verið óviljaverk, og hefur ekkert komið fram, sem bent gæti til annars. Erfiðlega hefur gengið að varpa ljósi á allra nánasta aðdraganda þess atburðar, er mál þetta snýst um, og hugarástand Júlíusar á þeirri stundu. Hann hefur m. a. borið fyrir sig skertu minni og því, að hann hafi verið í miklu uppnámi eftir atburðinn. Það kann að varpa nokkru ljósi á fyrstu viðbrögð hans í kjölfar atburðarins.

Af viðtölum og gögnum málsins má ráða, að samskiptaörðugleikar Júlíusar og Sigurgeirs heitins hafa verið alvarlegir og langvarandi.

Ef Júlíus verður fundinn sekur um framangreindan verknað, hvort sem atburðurinn hefur orðið fyrir stórfellt gáleysi eða annað, verða aðdragandi og hugsanlegar orsakir einna best skoðaðar í ljósi framangreindra persónuleikatrufnana, kvíðaröskunar og samskiptaörðugleika. Líklegt er, að Júlíus hafi lítið á umrædda fundarsókn Sigurgeirs heitins sem grófa ögrun við sig og hann því verið í miklu uppnámi og ójafnvægi fyrir atburðinn.

Júlíusi hefur tekist, eftir því sem best verður séð, að halda sig með öllu frá neyslu vímuefna síðastliðið eitt og hálf ár. Hann hefur einnig leitað sér sérfræðilegrar meðferðar vegna framangreindra persónuleikatrufnana, kvíðaröskunar og þunglyndiseinkenna. Brýnt er, að Júlíus njóti áfram reglubundinnar geðlæknismeðferðar og leitist jafnframt við að styrkja félagslega stöðu sína og atvinnusókn eftir því, sem hann treystir sér til. Að lokum er það álit undirritaðs, að Júlíus Norðdahl sé fyllilega sakhæfur.“

Niðurstöður.

Með skýrslum lögreglu, framburði sjónarvotta, krufningarskýrslu læknis og framburði ákærða er sannað, að ákærði varð með akstri bifreiðar hjólreiðamanni að bana á Flatahrauni í Hafnarfirði föstudaginn 12. maí 1995 laust eftir kl. 22.

Hámarks hraði á umræddri götu er 50 km á klst., en fullvíst þykir, að ákærði hafi ekið á 70 km hraða, fullum 20 km hraðar en heimilt var, og náð þessum hraða upp á 223 metra vegalengd á sjálfskiptum bíl með 90 ha. 1500 vél, 1030 kg að eigin þyngd, en um akstursleið frá Álfaskeiði eftir Flatahrauni er framburður ákærða ekki tortryggilegur. Lögreglu tókst við reynsluakstur á sömu bifreið fjórum dögum síðar að ná mest 93 km hraða á sömu akstursleið með því að beita bifreiðinni til hins ýtrasta.

Samkvæmt framburði sjónarvotts, Sigurbjörns Pálssonar húsasmíðameistara, hjólaði hinn látni um einn og hálfan til tvo metra frá malbiksbrún. Breidd umræddrar götu er þarna 14,3 metrar og breidd nyrðri akreinar frá malbiksbrún að merktri miðlfnu 7,3 metrar. Veður og öll akstursskilyrði voru eins og best geta orðið í blíðviðri að vorlagi. Engin önnur umferð truflaði akstur ákærða.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa séð manninn á reiðhjólinu á undan sér, en kveðst hafa litið af honum til þess að styðja á færsluþapp fyrir rafdrifna hliðarrúðu, og þá hafi ákeyrslan orðið. Sá framburður ákærða stenst ekki, að sú athöfn hafi truflað akstur hans. Það er alkunna, að þótt ökumaður líti örskotsstund á færslutakka fyrir rúðu, hraðamæli eða önnur slík stjórntæki í bifreið, sem hann er vanur að aka, tekur slík athöfn aðeins sekúndubrot. Mynd vegarins geymist í vitund ökumanns og veldur sömu akstursviðbrögðum og óslitið væri horft á það, sem fram undan er. Mynd hindrunar, í þessu tilviki manns á reiðhjóli í beinni akstursstefnu ökumanns, hverfur ekki úr vitund hans við eitt augnakast. Það er auk þess ekki sennilegt, að nokkur ökumaður fari að bjástra við ónauðsynlegar tilfæringar á 70 km hraða, hafandi veitt athygli hjólreiðamanni beint fyrir framan sig.

Það veikir framburð ákærða um framangreinda truflun, að hann varð tvísaga. Á vettvangi skýrði hann lögreglu svo frá, að hann hefði verið að lesa aftan á myndbandsspólu, og ítrekaði þá frásögn fyrir lögreglumanni, er ræddi við hann á slysadeild síðar um kvöldið. Fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins og fyrir dómi breytti hann þessum framburði í það horf, að hann hefði verið að fást við rúðutakkann.

Sá framburður ákærða, að hann hafi ætlað að draga niður hægri hliðarrúðu og hrópa að hjólreiðamanninum tiltekin alllöng skilaboð, samrýmist illa þeim framburði sjónarvottsins Sigurbjörns, að ákærði hafi ekið á vaxandi hraða. Vitnið Sigurbjörn taldi, að bæði maðurinn á reiðhjólinu og bifreiðarstjórinn hefðu ekið beint, hvorugur hefði sveigt neitt til hliðar. Ákærði hefur ekki haldið því fram, að hann hafi sveigt eða reynt að sveigja til hliðar eða beitt hemlum fyrir ákeyrsluna.

Að öllu þessu athuguðu verður að telja sannað, að frumverknaður

ákærða, ákeyrslan, hafi verið ásetningsverk. Það styður þessa ályktun, að ákærði hefur staðfastlega viðurkennt, að hann hafi borið óvildarhug til hins látna, sem verið hafði sambýlismaður móður hans. Ákærði hefur viðurkennt að hafa fyrr sama kvöld skorið á hjólbarða á bifreið hins látna. Sá verknaður var fjandsamlegt skemmdarverk, unnið í ógnunarskyni. En þessi verknaður, sem unninn var, eftir, að hinn látni fór að heiman á reiðhjól sínu, er þó til marks um, að ákærði bjóst þá við, að hinn látni kæmi aftur til síns heima.

Að þessu athuguðu má við það miða, að ásetningur ákærða til frumverknadarins hafi þá fyrst fullmótast, er hann, á vaxandi hraða með óvildarman sinn í aksturslínu nokkra metra fyrir framan sig, veitti hinum látna eftirför á Flatahrauni.

Bifreiðin var samkvæmt lýsingum og ljósmyndum lögreglu ódæluð á hægri framhorni og luktir þar óskemmdar. Framendi og vélarhlíf var dæluð að innan við luktir og toppur yfir farþegasæti. Reiðhjólíð festist framan á bifreiðinni, en kastaðist ekki til hliðar. Ákærði ók þannig ekki utan í hjólreiðamanninn. Hann ók beinlínis á hann með um 50 km hraðamun á klst. Ákærði mátti vita, að afleiðingar umræddrar ákeyrslu kynnu að verða stórfellt heilsu- og líkamstjón. Afleiðingar árásarinnar má því ótvírætt virða til gáleysis. Áverkar urðu svo stórfelldir, að mannsbani hlaut af.

Samkvæmt framansögðu telst broti rétt lýst í ákærulið 1 og það þar réttlaga heimfært til refsíakvæða.

Til refsipýngingar horfa einkum þau atriði, er greind eru í 1. og 2. tölulið 1. mgr. 70. gr. alm. hgl., en þau felast raunar í verknaðarlýsingu 2. mgr. 218. gr. sömu laga.

Til refsilækkunar kemur samkvæmt 4. tölulið 1. mgr. 70. gr. alm. hgl., að ákærði er ungur að árum, aðeins 18 ára. Þá þykir ekki verða hjá því komist með hliðsjón af 7. tölulið sömu greinar að horfa til þess, sem á undan var gengið í samskiptum hins látna annars vegar og ákærða og móður hans hins vegar. Hinn látni átti beinan þátt í að búa ákærða uppeldisskilyrði um a. m. k. eins og hálfis árs skeið, er ákærði var innan við fermingaraldur, og óbeinan lengur með þeim afleiðingum, er geðlæknir hefur lýst. Af gögnum má ráða, að a. m. k. móðir ákærða hafi, vitandi eða óafvitandi, alið á óvild sonar síns í garð þessa fyrrverandi sambýlismanns síns. Í máli þessu birtast algengar fjölskyldu- og forræðisdeilur í sinni svörtustu mynd, og ákærði varð leiksoppur þeirra atvika.

Ákærði hefur skýlaust játað að hafa framið brot það, er greinir í 2. ákærulið, og fallast ber á þar greinda heimfærslu þess til refsíakvæða.

Samkvæmt fram lögðu sakavottorði ákærða gekkst hann með dómsátt 31.

12. 1991 undir 20.000 króna sekt fyrir brot á 1. mgr. 5. gr. og 26. gr., sbr. 34. gr. laga nr. 46/1977 um skotvopn og sprengiefni, og hann hefur hlotið ákærufrestun skilorðsbundið í tvö ár frá 8. 2. 1994 fyrir brot gegn 244. gr. alm. hgl. Í ljósi alls þess, sem að framan er rakið, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði.

Ákærði sætti gæsluvarðhaldi í 16 daga, frá 15. til 31. maí 1995. Kemur gæsluvarðhaldsvistin til frádráttar framangreindri refsingu.

Ákærði er sviptur ökurétti í 2 ár frá 12. júlí 1995.

Ákærði hefur samþykkt bótakröfu þá, er í ákæru greinir, sem studd er nægjanlegum gögnum og verður því tekin til greina.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 kr., og réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., 160.000 kr.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Júlíus Norðdahl, sæti fangelsi 15 mánuði. Til frádráttar refsingu komi gæsluvarðhaldsvist í 16 daga.

Ákærði sæti sviptingu ökuréttar í 2 ár frá 12. júlí 1995.

Ákærði greiði Ingu Björk Dagfinnsdóttur skaðabætur, að fjárhæð 49.020 kr., að við bættum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 12. maí 1995 til dómsuppsögudags, en síðan dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 kr., og réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., 160.000 kr.